

Íslandsmót einstaklinga m/ forgjöf 2009

Íslandsmót einstaklinga m/forgjöf 2009 verður haldið dagana 31. janúar - 03. febrúar 2009 í Keiluhöllinni.

Olíuburður : **Dead mans curve**

Forkeppni laugardaginn 31. janúar og sunnudaginn 1. febrúar

Spilaðir eru 4 leikir. Efstu 16 karlarnir og 12 konur halda áfram í milliriðil.

Verð í forkeppni kr. 2.500,-

Hægt er að velja milli tveggja rástíma:

Laugardaginn 31. janúar kl. 9:00

Sunnudaginn 1. febrúar kl. 9:00

Milliriðill mánudaginn 2. febrúar kl. 19:00

Spilaðir eru 4 leikir. Efstu 8 karlar og 6 konur halda áfram í undanúrslit.

Verð í milliriðil kr. 2.500,-

Undanúrslit þriðjudaginn 3. febrúar kl. 19:00

Spilað allir við alla, 8 karlar og 6 konur, einföld umferð.

Tveir efstu karlarnir og tvær efstu konurnar leika til úrslita strax að loknum undanúrslitum.

Verð í undanúrslit kr. 4.000 karlar og 3.000 konur.

Úrslit þriðjudaginn 3. febrúar – strax að loknum undanúrslitum:

Spiluð eru úrslit milli tveggja efstu manna/kvenna, sá/sú sem er efst að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir (2 stig) en annað sætið þarf að vinna þrjár (3 stig). Jafnteflisviðureignir teljast sem skipt viðureign (hálf stig á hvorn). Ef enn er jafnt eftir 5 leiki þá ræður pinnafall. Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari einstaklinga með forgjöf.

Sjá nánar í Reglugerð KLÍ um Íslandsmót einstaklinga.

Skráning fer aðeins á netinu. Skráningu lýkur miðvikudaginn

28.janúar klukkan 22:00. Skráning þarf að innihalda nafn, kennitölu, símanúmer og hvort óskað sé

eftir að leika laugardags- eða sunnudagsmorgun.

Keppendur eru beðnir um að mæta með reiðufé til að greiða þátttökugjöld, eða greiða inn á reikning KLÍ áður en mót hefst.

Reikningsnúmer er 1175-26-002930, kt. 460792-2159

Mótanefnd KLÍ

Nefndin áskilur sér rétt til breytinga ef þurfa þykir.